

Hábrún hf.
Stekkjargötu 11
410 Hnífsdalur

Reykjavík, 12.11.2024
UST202401-263/S.K.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 25. september 2024 - Hábrún, Skutulsfirði ID 253

Þann 25. september sl. fór fram reglubundið eftirlit hjá Hábrún, Skutulsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ekkert eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um ástand eldissvæðanna út frá vöktun. Umhverfisstofnun var ekki tilkynnt um útsetningu sl. sumar.
2. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Rekstraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Umhverfisstofnun barst ársyfirlit fyrir árið 2023 þann 14. október 2024 og er frávikinu því lokað.
3. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um losun mengandi efna. Umhverfisstofnun bárust umhverfisupplýsingar fyrir árið 2023 þann 14. Október 2024 og er frávikinu því lokað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 3. desember n.k.

Virðingarfyllt

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur